



Guðrún Daniëlsdóttir

Fædd 5. janúar 1930

Dáin 14. mars 2022



*Útför frá Akraneskirrkju
föstudaginn 25. mars 2022*

Forspil ***Til eru fræ***

Erlent lag - Davíð Stefánsson

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
nú birtir senn.

Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag,
megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér,
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Bjarni Stefán Konráðsson

Guðspjall

Einsöngur

Liljan

Erlent lag- Þorsteinn Gíslason

Minningarorð

Einsöngur

Tondeleyó

Sígfús Halldórsson - Tómas Guðmundsson

Bæn / Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Amerískt þjóðlag -
Pétur Þórarinnsson*

Moldun



Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Íslenska konan

Billy Joel - Ómar Ragnarsson

Prestur: sr. Ólöf Margrét Snorradóttir

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Fíðluleikur: Matthías Stefánsson

Einsöngur: Halldór Hallgrímsson

Söngur: Kammerkór Akraneskirkju

Útfararþjónusta Akraneskirkju

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni